

Ed.

410. Nefndarátt

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 75, 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin játar, að sanngirni mæli með, að þar sem bæjarstjórnir eru nú kosnar með hlutfallskosningum í kaupstöðunum, þá sje fylgt sömu reglu um nefndarkosningar í bæjarstjórnunum sjálfum. Nú hefir minni hluti bæjarstjórnar í Hafnarfirði ekki að fullu notið sín við nefndaskipanir. Vegna óánægju þess minni hluta mun frv. þetta fram borið. Meiri hluti nefndarinnar (Jóh. Jóh. og J. J.) leggja til, að frv. gangi fram óbreytt. En einn nefndarmanna (E. P.) hefði helst kosið, að ákvæði frv. yrðu látin ná til allra kaupstaðanna.

Alþingi, 15. apríl 1924.

Jóh. Jóhannesson,
formaður.

Jónas Jónsson,
frsm.

Eggert Pálsson,
fundaskrifari.